

**671. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 30.
apríl 2026 og hófst hann kl. 13:45.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Guðmundur Ólafsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Finney Rakel Árnadóttir, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Jóhann Bæring Gunnarsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Erla Margrét Gunnarsdóttir, Skipulags- og umhverfisfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Tunguskeið, Skutulsfirði. Nýtt deiliskipulag á svæði Í2 - 2024090115

Lögð fram vinnslutillaga á nýju deiliskipulagi á svæði Í2 á Tunguskeiði á Ísafirði, uppdráttur og greinargerð unnin af ráðgjöfum Verkís ehf. dags. 27. apríl 2026.

Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar kynningu á vinnslutillögu á nýju deiliskipulagi á svæði Í2 á Tunguskeiði á Ísafirði, uppdráttur og greinargerð unnin af ráðgjöfum Verkís ehf. dags. 27. apríl 2026, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og mannvirkjanefnd bendir á að gott væri að útvíkka deiliskipulag á svæði Í2 þannig að skáli/samkomustaður, sem áætlaður var í hluta II, verði hluti af áfanga I.

2. Deiliskipulag á Torfnesi - menntastofnanir og dæluhús - 2025030193

Lagðar fram til kynningar, athugasemdir og umsagnir við vinnslutillögu breytinga á deiliskipulagi Torfness, vegna menntastofnana og dæluhúss. Kynningarferli stóð frá 24. febrúar 2026, til og með 17. mars 2026. Tíu umsagnir bárust á kynningartímanum.

Lagt fram til kynningar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur mikilvægt að deiliskipulagsvinna fari fram samhliða hönnun mannvirkja og byggingarreitir ákvarðist á fyrirhuguðum framkvæmdum.

3. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 - breyting - Eyrarkláfur - 2025100173

Lögð fram tillaga að breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna Eyrarkláfs, unnin af EFLU dags. 19. mars 2026, uppdráttur dags. 4. júní 2025, og greinargerð dags. 19. mars 2026, skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert verður ráð fyrir nýjum landnotkunarreit undir afþreyingar og ferðamannasvæði (AF1), þannig að stefna aðalskipulagsins samræmist uppbyggingaráformum Eyrarkláfs ehf. um kláf á Eyrarfjall. Óbyggt svæði og opin svæði til sérstakra nota minnkar sem því nemur. Landnotkunarreitir i37 fyrir aðveitustöð fellur úr gildi.

Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila auglýsingu á tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, vegna Eyrarkláfs, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Deiliskipulag Eyrarkláfur nýtt - 2025100175

Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi Eyrarkláfs, í greinargerð, dags. 19. mars 2026, og á uppdrætti, dags. 19. mars 2026, unnin af ráðgjöfum EFLU fyrir Eyrarkláf ehf.

Skipulagssvæðið er staðsett í Eyrarfjalli í Skutulsfirði, sem er 700 metra hátt beint fyrir ofan Ísafjarðarbæ. Það afmarkast af byrjunarstöð kláfsins við hlíðarfót Eyrarfjalls, upp að Gleiðarhjalla þar sem reistur verður millistaur fyrir kláfinn og svo áfram á topp Eyrarfjalls þar sem endastöð kláfsins er staðsett.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að ekki sé tekið nógu mikið tillit til athugasemda sem bárust vegna umferðarlags og umferðaröryggis.

Starfsmanni nefndar er falið að vera í sambandi við ráðgjafa.

5. Deiliskipulag Gleiðarhjalli - breyting - Eyrarkláfur - 2025100174

Lögð fram tillaga að breytingum á deiliskipulagi Gleiðarhjalla, í greinargerð dags. 19. mars 2026, og á uppdrætti dags. 19. mars 2026, unnin af ráðgjöfum EFLU fyrir Eyrarkláf ehf.

Skipulagssvæðið er staðsett í Eyrarfjalli í Skutulsfirði, sem er 700 metra hátt beint fyrir ofan Ísafjarðarbæ. Það afmarkast af byrjunarstöð kláfsins við hlíðarfót Eyrarfjalls, upp að Gleiðarhjalla þar sem reistur verður millistaur fyrir kláfinn og svo áfram á topp Eyrarfjalls þar sem endastöð kláfsins er staðsett.

Nýtt deiliskipulag Eyrarkláfs og breytingar á deiliskipulagi Gleiðarhjalla verða afgreidd samhliða.

6. Mjólkárlna 2 í Arnarfirði. Breyting á deiliskipulagi Mjólkárverkunar - 2026040275

Lagt fram erindi frá Landsneti, dags. 29. apríl 2026, þar sem óskað er að gera breytingu á deiliskipulagi Mjólkárverkunar í Arnarfirði vegna Mjólkárlnu 2.

Skipulags og mannvirkjanefnd heimilar deiliskipulagsbreytingu Mjólkárverkunar í Arnarfirði vegna Mjólkárlnu 2, skv. 2. mgr. 38. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Ósk um lóð fyrir sjálfsafgreiðslustöð - 2026020083

Lagður fram tölvupóstur frá Sigríði Magnúsdóttur f.h. Atlantsolíu, kt.590602-3610, dags. 24. apríl 2026, þar sem fyrirtækið sækir um lóð á Stekkjarnesi 940 til 1.470 m² að stærð.

Jafnframt er lagt fram minnisblað Atlantsolíu út frá staðarvalskostum.

Niðurstaðan að Stekkjarnes væri áhugaverðasti kosturinn og kom helst til greina fyrir starfsemi sjálfsafgreiðslustöðvarinnar þrátt fyrir mögulega áhættu vegna snjóflóða.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

8. Seljalandsvegur 79, Ísafirði. Lóðarleigusamningur 2025, bílskúrar - 2025090129

Lagt fram uppfært mæliblað tæknideildar, dags. 24. apríl 2026, vegna lóðarmarkabreytinga og gerð á nýjum lóðarleigusamningi vegna bílskúra við Seljalandsveg 79 á Ísafirði, Miðtúnsmegin.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur sviðsstjóra að ganga frá lóðarleigusamningi í samræmi við mæliblað dags. 24. apríl 2026.

9. Eyrargata 2 og 4, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun lóðarleigusamninga - 2024060069

Skipulags- og mannvirkjanefnd fól starfsmönnum tæknideildar að útbúa nýtt lóðarblað á grundvelli eldri samnings á 634. fundi nefndar þann 11. júlí 2024. Nú er lagt fram uppfært mæliblað tæknideildar, dags. 24. apríl 2026 vegna lóðar við Eyrargötu 2 og 4, Ísafirði ásamt lóðar spennistöðvar Orkubús Vestfjarða við Fjarðarstræti.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur starfsmanni nefndar að ganga frá lóðarleigusamningi við Eyrargötu 2 og 4 á Ísafirði, í samræmi við mæliblað dags. 24. apríl 2026.

10. Vatnaskil í þjóðlendumálum - 2026040145

Lagður fram tölvupóstur til kynningar, frá Forsætisráðuneytinu, dags. 16. mars 2026, vegna vatnaskila í þjóðlendumálum óbyggðanefndar.

Þau tímamót urðu í desember 2025 að óbyggðanefnd kvað upp síðustu úrskurði sína. Nefndin lauk þar með verkefni sínu, sem hófst 1998, að fjalla um mörk þjóðlenda og eignarlanda á landinu öllu.

Lagt fram til kynningar.

11. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa - 92 - 2604014F

Lögð fram til kynningar, fundargerð 92. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa en fundur var haldinn 22. apríl 2026.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Finney Rakel Árnadóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Jóhann Bæring Gunnarsson

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir

Erla Margrét Gunnarsdóttir